

## MATARHLÉ

Matgæðingur þessa tölublaðs er Rósa Mjöll Heimisdóttir, sérkennslustjóri í leikskólanum Krógabóli. Hún býður upp á frískandi og gott salat og einnig gómsæta kókosbolluköku.

Rósa Mjöll skorar á Helenu Sigurðardóttur, grunnskólakennara í Brekkuskóla, að koma með uppskriftir í næsta blað.



## TACO-KJÚLLI

### Hráefni: Aðferð:

#### Sósan fyrir salatið:

- 1/2 b bragðlaus olía (ekki ólívuolía)
- 1/2 b hvítvins edik (má vera minna)
- 1 hvítlauksrif, pressað
- 2 msk. púðursykur
- 1 msk. milt karrý
- 1 tsk. soyasósa
- Mikið af söxuðum púrrulauk

#### Salatið:

- 1 poki af góðu salati og hnefi af spinati
- 1 dós niðursoðnar mandarínur án vökva
- 1 1/2 bolli steinal. vínber skorin í tvennt
- 1 væn lárpera skorin í litla bita
- 1 poki ristaðar furuhnetur

#### Sósan:

Öllu blandað saman og geymt í isskáp til morguns

#### Salatið:

Öllu blandað saman í skál og sósunni hellt yfir áður en saltatið er borið fram.

Gott með snittubrauði eða lambakjöti

## KÓKOSBOLLUKAKA

### Hráefni: Aðferð:

- 1 botn kornflexmarens
- 1/2 lítri rjómi
- 6-7 kókosbollur
- Ferskir ávextir, t.d. jarðaber, kiwi eða bláber

Botninn er mulinn niður og settur í eldfast mót. Helmingnum af rjómanum hellt yfir. Því næst eru bollurnar stappaðar yfir rjómann. Afgangurinn af rjómanum settur yfir og ávextimur brytjaðir í hæfilega bita og settir ofan á.

**Verði ykkur að góðu!**

## GOTT AÐ VITA

### Breyttur launareikningur

Mikilvægt er að tilkynna til starfsmannaþjónustu Akureyrarbæjar ef starfsfólk breytir launareikningi sínum.

Upplýsingar um launareikning getur starfsfólk sjálf uppfært á starfsmannavefnum <http://eg.akureyri.is> með því að smella á flipann „Bankaupplýsingar“ og skrá þar inn upplýsingar um nýjan launareikning.

Orlofsreikningar eru allir í Landsbanka Íslands á Akureyri og þeim er ekki hægt að breyta. Mikilvægt er að láta starfsfólk Landsbankans vita ef banka-reikningi er breytt áður en orlofið í maí er greitt út svo Landsbankinn geti lagt það inn á réttan bankareikning. Reikningurinn þarf að vera skráður á kennitölu viðkomandi starfsmanns.

### Skil á prófskírteinum

Starfsfólk er minnt á að skila afritum af prófskírteinum til starfsmannaþjónustunnar eða síns yfirmanns. Menntun umfram þær kröfur sem gerðar eru til starfs, t.a.m. stúdentspróf, getur veitt rétt til launahækkunar. Mikilvægt er að skila inn prófskírteinum til staðfestingar á að námi sé lokið.



Sumarið er komið! Myndin var tekin við Lundarskóla 17. maí í fyrra þegar blásið var til umhverfis dags og hverfishátíðar í Lunda- og Gerðahverfi.



www.akureyri.is  
**Akureyri**  
ÖLL LÍFISINS GÆÐI

Útgefandi: Akureyrarbær

Ritstjóri: Ragnar Hólm Ragnarsson

Ritnefnd: Friðný Sigurðardóttir, Ingunn Helga Bjarnadóttir,  
Ragnar Hólm Ragnarsson og Samúel Jóhannsson.

Netfang: akureyri@akureyri.is

Hönnun og umbrot: Still - Prentun: Ásprent

# Innanbæjar KRÓNKA

3. töl. 4. árg. STARFSMANNAFRÉTTIR AKUREYRARBÆJAR Maí 2009



## Hvar getum við sparað? - auglýst eftir hugmyndum

Akureyrarbær fer ekki varhluta af þeim efnahagsþrengingum sem nú ganga yfir íslenska þjóð. Þess vegna er brýnna en nokkrum sinni fyrr að gæta ítrasta aðhalds í öllum rekstri bæjarins og leita leiða til að spara þar sem því verður með góðu móti við komið.

Í þessum tilgangi hefur verið stofnað netfangið sparnadur@akureyri.is til að taka við hugmyndum starfsfólks bæjarins um það hvernig megi lækka kostnað í rekstri Akureyrarbæjar. Hugmyndirnar mega ná til allrar starfsemi bæjarins og þurfa ekki að einskordast við starfsstöð viðkomandi starfsmanns. Hugmyndirnar mega líka ná til allra rekstrarþátta í starfsemi, hvort sem um er að ræða laun eða önnur rekstrargjöld.

Skorað er á alla starfsmenn Akureyrarbæjar að bregðast vel við þessu, leggja höfuðið í bleyti og senda inn hugmyndir sínar sem fyrst á netfangið sparnadur@akureyri.is. Veitt verða þrenn verðlaun fyrir bestu hugmyndirnar að mati framkvæmdastjórnar. Skilafrestur er til 15. maí. Verðlaunin eru árskort í sundlaugar bæjarins.

## GAMLA MYNDIN



Að þessu sinni birtum við sumarlega mynd af ungum herraþingi sem er að gefa ánum sínum brauð og við spyrjum hver maðurinn sé og hvar myndin sé tekin?

Sendið okkur svör sem fyrst á netfangið [akureyri@akureyri.is](mailto:akureyri@akureyri.is) merkt „Innanbæjarkrónikan: Myndagetraun.“ Í verðlaun fyrir rétt svar er 10 miða kort í Sundlaug Akureyrar.

Í síðasta tölublaði birtum við mynd af skipi í smíðum og spurðum hvaða skip væri verið að smíða og hvar. Nokkur rétt svör bárust og svo skemmtilega vildi til að nafn Lilju Þóreyjar Jónsdóttur, starfsmanns á sambylinu Dvergagili 40, kom öðru sinni upp úr pottinum en hún var einnig með rétt svar þegar spurt var um gamla spítalann við Spítalaveg.

Svar Lilju Þóreyjar við spurningu síðasta blaðs er svohljóðandi:

„Gamla myndin að þessu sinni ætla ég að sé af smíði á Snæfellinu EA 740 sem smíðað var í Skipasmíðastöð KEA upp úr 1940 (smíðaár talið vera 1942). Ekki er ólíklegt að maðurinn sem stendur á þilfarinu sé Gunnar Jónsson yfirsmíður. Gunnar var faðir Tryggva Gunnarssonar sem lengi var yfirsmíður á stöðinni og er nú nýlátinn. Til hægri á myndinni er væntanlega eitt af Watne húsunum og beint fram undan stefni skipsins sést í það fræga hús Norðurpólinn.“

Munið að senda okkur svör við myndagetrauninni sem fyrst á netfangið [akureyri@akureyri.is](mailto:akureyri@akureyri.is).

## MOLAR



Verðandi bæjarstjóri er nýbakaður afi og sést hér með barnabarninu Dagbjörtu Báru.

### Bæjarstjórnarskipti verða 9. júní

Á fyrsta bæjarstjórnarfundinum í júní mun Hermann Jón Tómasson taka við starfi bæjarstóra af Sigrúnu Björk Jakobsdóttur. Málefnaáætlun samstarfsflokka í bæjarstjórn, þ.e. Sjálfstæðisflokksins og Samfylkingarinnar, kvað á um að Sjálfstæðisflokkurinn reði bæjarstjóra fyrri hluta kjörtímabilsins og Samfylking því síðara. Enginn aukakostnaður verður vegna skiptanna þar sem bæði Hermann Jón og Sigrún Björk hafa lýst því yfir að þau muni ekki þiggja biðlaun í lok starfstíma síns sem bæjarstjóra.

Nýja starfið leggst vel í Hermann Jón en ljóst er að tíminn framundan er langt í frá auðveldur vegna minni tekna bæjarins. „Það þarf að verja störf og þjónustuna eins og kostur er þannig að við verðum áfram sveitarfélag í fremstu röð og séum tilbúin til að nýta tækifærið þegar forsendur skapast fyrir vexti og uppbyggingu. Ég mun hafa þetta að leiðarljósi í mínu starfi.“

### Sumarið er komið og sumarfólkið á leiðinni

Á hverju sumri fylgja starfsfólki Akureyrarbæjar verulega þegar sumarstarfsfólk hefur störf. Í ár varð veruleg fjölgun umsókna um sumarstörf en 710 einstaklingar sendu inn umsóknir. Til samanburðar sóttu 341 um sumarstörf árið 2008. Alls verða tæplega 300 manns ráðin til afleysinga í sumar. Vinnuskólinn verður starfandi í júní og júlí í sumar en þar starfa 14, 15 og 16 ára unglingar. Í fyrra voru starfandi tæplega 600 unglingar í vinnuskólanum en ekki er ljóst hve margir þeir verða í ár.

## HVAÐ ERTU AÐ GERA?



Að þessu sinni berum við niður í Glerárlaug þar sem Konráð Gunnarsson starfar sem sundlaugarvörður. Það hefur hann gert síðan 1990 eða í bráðum 20 ár. Í starfinu felst allt almennt eftirlit við sundlaugin, aðstoð við gesti, þríf og fleira. Við heilsuðum upp á Konráð í vinnunni og hann gaf sér tíma til að svara nokkrum einföldum spurningum.

#### Hvaðan ertu?

Ég er Akureyringur og Innbæingur.

#### Fjölskylduhagir?

Ég er giftur og á 3 börn.

#### Hvað finnst þér best við að búa á Akureyri?

Það er veðurfarið og þetta fallega umhverfi.

#### Hvaða bók lastu síðast og var hún góð?

Síðasta bókin sem ég las var Villtu vinna milljarð og já, hún var góð.

#### Uppáhaldstónlist?

Rokk og blús.

#### Uppáhaldsmatur?

Fiskur og grillað lambakjöt.

#### Uppáhaldsbímyndir?

Forrest Gump, The Pianist og fleiri og fleiri.

#### Hver eru helstu áhugamál þín?

Útivist (fjallgöngur) og íþróttir.

#### Hvað er eftirsóknarverðast í fari annarra?

Glaðværð, hreinskilni og tillitsemi.

#### Er Guð til?

Já.

#### Hvert yrði þitt fyrsta verk ef þú værir einráður á Akureyri?

Ég léti börn á grunnskólaaldri fá frítt í allar íþróttir og tómstundir.